

# Reglugjörð

## um forðagæslu í Norður-Þingeyjarsýslu.

### 1. gr.

Forðagæslumenn skulu ekki vera fleiri í hverjum hreppi en hjer segir:

1. Kelduneshreppi 2
2. Óxarfjarðarhreppi 3
3. Fjallahreppi 1
4. Presthólahreppi 3
5. Svalbarðshreppi 3
6. Sauðanesshreppi 2

### 2. gr.

Eftirlitsferðir þær, sem 3. gr. forðagæslulaganna 10. nóv. 1913 skipar fyrir um, skulu forðagæslumenn gjöra hina fyrri í nóvembermánuði, en hina síðari frá miðjum mars til miðs apríl. Auk þess skulu þeir hafa sjerstakt eftirlit með þeim heimilum, sem tæpt eru stödd með fódurbirgðir.

### 3. gr.

Á gæsluferðunum skulu forðagæslumenn rannsaka vandlega og semja skýrslur um peningsfjölda, sem á fódrum er, fódurbirgðir allskonar og skepnuhirðingu hjá hverjum fjáreiganda, svo og húsakynni handa búpeningi. Skýrslurnar skulu þeir færa inn í hinar fyrirskipuðu bækur, og eftir hverja skoðun gefa hreppsnefnd tilkynningu um, hvornig ástandið er, og láta fylgja tillögur um hverjar ráðstafanir gjöra skuli, ef eitthvað það hefir komið íljós, er þeir telja varhugavert.

### 4. gr.

Allir þeir, sem kvikfjenað hafa á fódrum eða til hagagöngu, eru skyldir að hafa hann viðlátinn til þess að sýna hann forðagæslumönnum á þeim tíma er þeir tiltaka. Sömuleiðis er öllum fjenaðareigendum skylt að sýna forðagæslumönnum allar fódurbirgðir sínar og aðstoða þá við rannsókn þeirra.

### 5. gr.

Þar sem forðabúr eru til í hreppunum, skulu forðagæslumenn vera umsjónarmenn þeirra undir yfirumsjón hreppsnefnda.

## 6. gr.

75

3. júní

Þegar búpeningur er framgenginn, og ætla má að fóðureyðslu sje lokið að vorinu, skulu forðagæslumenn semja skýrslur um fóðurfyrningar og fjenaðarhöld hjá hverjum fjáreiganda. Er öllum skylt að gefa forðagæslumönnum skýrslur um þetta.

Fái forðagæslumaður frá einhverjum fjáreigendum eigi skýrslur, sem hann telur ábyggilegar, skal hann rannsaka hjá þeim fyrningar og fjenaðarhöld.

## 7. gr.

Allar skýrslur sínar (sbr. 3. og 6. gr.) skulu forðagæslumenn semja eftir fyrirmyndum þeim, sem stjórnarvöldin gefa, og færa þær í forðagæslubækurnar.

## 8. gr.

Um alt það, er að forðagæslu lýtur, og reglugjörð þessi ekki nær til, skulu forðagæslumenn fara eftir fyrir mælum forðagæslulaganna frá 10. nóv. 1913.

## 9. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 5—100 kr., nema meiri hegning liggi við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í sveitarsjóð. Mál útaf brotum á reglugjörð þessari skulu rekin sem opinber lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjer með sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 2. nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**I stjórnarráði Íslands, 3. júní 1915.**

Í fjarveru ráðherra.

**Kl. Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*